



Snilli 1

Lestur - lesskilningur -
eyðufyllingar - stafsetning -
málfræði



Smásaga 1


Einu sinni var lítil stúlka.

Stúlkan hét Soffía.

Soffía var átta ára gömul.

Hún átti heima á Dalvík.

1 Teiknaðu mynd af einhverju úr sögunni.



Verkefni 1

Einu sinni var lítil _____

Stúlkan hét _____

Soffía var átta ára _____

Hún átti heima á _____

2 Hvar átti Soffía heima?

3 Hvað var Soffía gömul?

8 ára

18 ára



Smásaga 2


Einu sinni var lítill drengur.

Drengurinn hét Blær.

Blær var tíu ára gamall.

Hann átti heima í London.

1 Teiknaðu mynd af einhverju úr sögunni.



Verkefni 2

Einu sinni var lítill _____

Drengurinn hét _____

Blær var tíu ára _____

Hann átti heima í _____

2 Hvar átti Blær heima?

3 Hvað var Blær gamall?

10 ára

11 ára



Smásaga 3


Dag einn var gott veður.

Sólin skein hátt á himni.

Prúður fór út að leika sér.

Hún bar á sig sólarvörn.

1 Teiknaðu mynd af sólarvörn.



Verkefni 3

Dag einn var gott _____

Sólin skein hátt á _____

Prúður fór út að leika _____

Hún bar á sig _____

2 Hvað setti prúður á sig?

3 Hvernig var veðrið?

rigning og rok.

sól og blíða.



Smásaga 4

Amma og mamma fóru í bíó.


Þær keyptu sér kók og popp.

Myndin var mjög fyndin.

Þær skemmtu sér frábærlega.

1

Teiknaðu mynd af ömmu og mömmu í bíó.



Verkefni 4

Amma og mamma fóru í _____

Þær keyptu sér kók og _____

Myndin var mjög _____

Þær skemmtu sér _____

2

Hvað keyptu þær sér?

3

Hverjir fóru í bíó?

amma og afi

amma og mamma



Smásaga 5

Kalli fór á æfingu.


Kalli spilaði fótbolta.

Kalli skoraði mörk.

Kalli skoraði fjögur mörk.

1

Þú mátt ráða með hvaða liði Kalli var að spila. Teiknaðu mynd af merkinu þeirra.



Verkefni 5

Kalli fór á _____

Kalli spilaði _____

Kalli skoraði _____

_____ skoraði fjögur mörk.

2

Hvert fór Kalli?

3

Hvað skoraði Kalli mörg mörk?

engin

4 mörk.



Smásaga 6

Pabbi Sigga er sjómaður á stóru skipi.


Siggi fékk að fara einn túr með pabba.

Sigga fannst gaman í túrnum.

Hann var duglegur að hjálpa til.

1

Teiknaðu mynd af skipinu sem pabbi Sigga vinnur á.



Verkefni 6

Pabbi Sigga er sjómaður á stóru _____

Siggi fékk að fara einn túr með _____

Sigga fannst gaman í _____.

Hann var duglegur að hjálpa _____.

2

Hvert fór Siggi?

3

Hvar vinnur pabbi Sigga?

á sjó

í búð



Smásaga 7

Dóri er markmaður í fótballaliði.


Hann mætir alltaf á æfingar.

Dóri borðar alltaf hollan mat.

Dóri drekkur aldrei gos eða orkudrykki.

1

Teiknaðu mynd af Dóra verja vítaspyrnu.



Verkefni 7

Dóri er markmaður í _____.

Hann mætir alltaf á _____.

Dóri borðar alltaf hollan _____.

Dóri drekkur aldrei gos eða _____.

2

Hvert mætir Dóri alltaf?

3

Dóri drekkur mikið af gosi.

satt

ósatt